

Hlutverkaleikir (1)

1. Kennarinn hefur falið bekknum ritgerðarverkefni sem á að vinna í fjögurra manna hópum. Jóhann er í þínum hóp, en fjölskylda Jóhanns kemur frá þróunarlandi. Meðan hópurinn þinn er á leið á bókasafnið hvíslar Árni, annar hópfélagi þinn, að þér, „Ég vildi að Jóhann væri ekki í okkar hóp. Fólk frá landinu hans er allt svo latt. Við þurfum örugglega að vinna alla vinnuna fyrir hann.“

Þú svarar ...

2. Kennarinn er að undirbúa dagsferð fyrir bekkinn. Hann biður nemendur að spyrja foreldra sína hvort eitthvert þeirra gæti komið með í ferðina til að aðstoða. Þú segir að þú getir spurt ömmu þína. Kennarinn segir: „Þetta verður mjög löng ferð og við þurfum að ganga dágóða vegalengd. Ég held að ferðin verði of þreytandi fyrir ömmu þína. Kannski væri betra ef þú myndir biðja mömmu þína eða pabba að koma í staðinn.“

Amma þín er þó afar virk og vel á sig komin. Þú segir við kennarann ...

3. Nokkrar fjölskyldur frá stríðshrjáðum löndum hafa nýverið flutt í hverfið þitt og börnin byrja í sama skóla og þú gengur í. Á ganginum segir einn vina þinna við þig: „Mér líkar ekki að hafa allt þetta fátæka fólk í skólanum okkar. Pabbi minn segir að þau komi til landsins okkar og leiti að vinnu og taki þannig vinnuna af fólkinu sem býr hérna. Mér finnst þau ættu öll að fara aftur heim til sín.“

Þú segir ...

Hlutverkaleikir (2)

4. Í dag er fyrsti dagur Sonju í bekknum þínum. Sonja þarf hjólastól til að komast leiðar sinnar. Rétt fyrir frímínútur segir einn af vinum þínum við þig: „Áður en við förum út ætla ég að hjálpa Sonju í jakkann. Hún getur það örugglega ekki sjálf.“

Þú segir ...

5. Jenný er stelpa í bekknum þínum sem kemur frá öðru landi. Dag einn ertu að borða í matsal skólans þegar einn vina þinna segir við þig: „Sjáðu skrytna matinn sem þessi Jenný kom með í hádegismat! Finnst þér ekki lyktin ógeðsleg? Hvernig getur fólk í landinu hennar borðað þetta gums?“

Þú svarar ...

6. Þú ert strákur sem átt að gera efnafræðitilraun með einum öðrum strák og stelpu sem heitir Ragna. Þið eruð að tala um hvernig eigi að haga verkaskiptingunni. Strákurinn í hópnum segir við þig: „Þú skalt mæla út efnin sem við þurfum að nota og ég kveiki á brennarannum. Ragna getur skrifað glósurar – stelpur skrifa miklu betur en strákar.“

Þú segir ...
